

Fundur haldinn 16. apríl 2024 kl. 19.00 í Brekkuskóla

1. Setning fundar

Formaður, Aðalbjörg Bragadóttir, setur fundinn formlega og ræðir á léttum nótum um amstur dagsins.

2. Kveikt á kertum

Formaður býður Fríðu að kveikja á kertunum.

3. Kveðjur frá fjarstöddum konum

Formaður ber fundinum kveðjur frá fjarstöddum konum. Fram kemur að mjög margvísleg verkefni hafi legið fyrir hjá konum sem ekki komust á fundinn.

Orð til umhugsunar

4. Ólöf Ása fer með orð til umhugsunar. Hún ræðir og íhugar samskipti sem hún segir að séu henni hugleikin og hve *orð og gjörðir* geta verið áhrifamikil. Hún tekur ýmis dæmi og ræðir að gott sé að velta því upp af hverju maður geri það sem maður gerir. Þá ræðir hún dygðir og vitnar og les upp úr bók Gunnars Hersveins.

5. Fundarstjórn fer til undirbúningsnefndar

Formaður felur undirbúningsnefnd fundarstjórn og tekur Anna Þóra við stjórninni. Í undirbúningshópi eru María, Hildur, Fríða, Jónína, sem er fjarri góðu gamni í dag, Ólöf Ása, Sigríður og Anna Þóra.

6. Dagskrá fundarins

Anna Þóra fer yfir dagskrá fundarins.

7. Fundargerð síðasta fundar

Ritari (SRJ) les upp fundargerð síðasta fundar sem er frá 13. mars sl. Fundargerðin er samþykkt eftir að ein athugasemd er lagfærð. Einnig er bent á að taka megí fram hver fái happdrættisvinninginn.

8. Erindi frá stjórn

Anna Þóra gefur formanni orðið. Formaður ræðir:

- a) **Vorráðstefna DKG á Íslandi** – formaður ræðir að ráðstefnan hafi átt að vera í Borgarnesi á Hótel Vesturlandi næsta laugardag en henni hafi verið aflýst vegna dræmrar þátttöku. Samkvæmt Árnýju Elíasdóttur skráðu aðeins um 10% kvenna sig og örfáir gestir. Fram kemur hjá formanni að Ísland sé stærsta landssambandið í Evrópu en virk þátttaka hér innan lands er takmörkuð. Umræða fer fram og vöngum velt yfir þessu. Bent er á að á sínum tíma hafi verið rætt að fella þessa vorráðstefnu út. Rætt að alls staðar sé verið að lenda í dræmri þátttöku, ákveðinn þungi sé í því sem er umfram vinnuna hjá fólki, þá er einnig bent á að hugsanlega séum við e.t.v. ekki alveg komin út úr Covid. Í könnuninni sem send var út var góð svörun og þar eru 43% sem vilja eingöngu Landssambandsþing. Næsta ár er DKG 50 ára og er búið að skipa afmælisnefnd. Formaður mun senda upplýsingar formlega til kvenna. Óskað er eftir fjórum konum til viðbótar í afmælisnefndina og er m.a. óskað eftir tónlistarhæfni, stafrænni hæfni og rithæfni. Formaður óskar eftir að konur láti vita hafi þær áhuga á að vera í afmælisnefndinni.

- b) **Samræmd móttaka flóttafólks hjá Akureyrarbæ** – formaður segir frá fundi sem haldinn var og segir umræðuna á byrjendastigi, um sé að ræða hugmyndavinnu. Akureyrarbær óskar eftir að fá að heyra í félagasamtökum vanti aðstoð, formaður tekur dæmi um verkefni en þau geta snúið að því að það vanti tímabundinn stuðningsaðila sem t.d. geti farið í heimsókn inn á heimili, fylgd í búð, bókasafn, göngutúrar o.s.frv. Ekki verið að ræða skuldbindingu t.d. vináttu eða slíkt. Oft er um að ræða eldri konur sem koma sem t.d. hafa misst menn sína í stríði og vantar oft að fá mjög einfaldar upplýsingar. Formaður ræðir að verið sé að óska eftir að vinna sameiginlega að markmiðum um farsæld innan Akureyrarbæjar þegar kemur að móttöku flóttafólks. Þá kemur fram að einnig megi hafna verkefni. Það er Nanna Gunnarsdóttir sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Formaður ræðir hvort þetta sé eitthvað sem félagskonur vilja taka þátt í. Umræða fer fram og konur eru sammála um að þetta sé áhugavert. Það vantar sjálfbærni og þess vegna er verið að leita til félagasamtaka. Spurt er hvert næsta skref sé. Fram kemur að beiðnin sé sú hvort hafa megi samband við deildina vegna verkefna/aðstoðar en tekið var fram að þetta sé enn þá á byrjendastigi, verið sé að kanna vilja til samvinnu og fáið hann verði þetta reynt. Fram kemur að ekki hafi verið vel mætt frá öðrum félagasamtökum í bænum og það endurspegli dálítið stöðuna.
- c) **Ný stjórn Betadeildar** – stjórnarskipti verða eftir starfsveturinn og í haust verður komin ný stjórn. Uppstillinganefnd þarf að hafa augun opin en það vantar konur í næstu stjórn. Fram kemur hjá formanni að Kristín Elva muni halda áfram í stjórn og Aðalbjörg muni einnig starfa með nýrri stjórn sem fráfaramandi formaður. Laufey Petrea óskar eftir að hætta sem gjaldkeri þar sem hún starfar sem kennari fyrir sunnan þessi misserin. Formaður ræðir að þær konur sem eru áhugasamar megi endilega láta vita. Rætt er um uppstillinganefnd og fer nokkur umræða fram. Bent er á að hér áður fyrr hafi ávallt verið kosið í stjórn. Í framhaldinu er rætt um *útbreiðslunefnd* og bent á það sé ekki það sama og uppstillinganefnd. Rætt er að eitthvað hafi skolast til þarna, kjósa eigi í uppstillinganefnd. Formaður ræðir að skoða regluverkið fyrir lokafundinn og eru konur sammála því, nefnt er að skoða t.d. í handbók formanns og mun formaður gera það.

9. Önnur mál

Kveðja – María Steingrimsdóttir ber fundinum góða kveðju frá Jónínu Hauksdóttur sem saknar félagsskapar Beta deildar.

10. Kaffihlé

Anna Þóra býður félagskonum að gæða sér á veitingum.

11. Happraetti og pyngjan

Dregið er í happraetti og fær Kristín Guðbjörg Snæland vinninginn. Pyngjan góða er látin ganga.

12. Gestir kvöldsins

Hildur kynnir gesti kvöldsins en þeir eru Magnús Máni Sigurgeirsson og Tómas Óli Ingvarsson, nemendur á 3. ári við Menntaskólann á Akureyri, þeir ræða um gervigreind og hvernig hún hefur nýst þeim og öðrum nemendum við nám og leik. Erindið heitir: *Gervigreind og nám: sjónarhorn nemenda*. Þeir félagar eru á raungreina og tæknibraut. Áhugaverður fyrirlestur frá skýrum og skemmtilegum nemendum. Að loknum fyrirlestri færir formaður piltunum rósir og gjafabréf í *brunch*.

13. Fundarslit

Anna Þóra gefur formanni orðið. Formaður fer yfir næsta fund sem haldinn verður 16. maí nk. en það er síðasti fundur starfsvetrarins. Fundarboð mun berast, farið verður út að borða og stefnt á notalega stund saman.

14. Slökkt á kertum

Fríða slekkur á kertunum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.20/SRJ